

ÁKVÖRÐUN nr. 163

frá 31. maí 1996

um túlkun á a-lið 1. mgr. 22. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 að því er varðar einstaklinga sem fá skilunar- eða súrefnismeðferð

(96/555/EB)

FRAMKVÆMDARÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI FARANDBLAUNÞEGA HEFUR,

með hliðsjón af 81. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingakerfa gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast innan bandalagsins, en samkvæmt henni skal framkvæmdaráðið fjalla um allt er lýtur að framkvæmd eða túlkun ákvæða reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og annarra reglugerða sem fylgja í kjölfarið,

með hliðsjón af a-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 sem hefur að geyma ákvæði um einstaklinga sem af heilsufarsástandum þarfnast sjúkrabóta án tafar á meðan þeir dvelja á yfirráðasvæði annars aðildarríkis,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir að ákvæði a-liðar 1. mgr. 22. gr. séu misnotuð af einstaklingum, sem flytjast tímabundið á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, til að öðlast aðstoð samkvæmt þessum lið án þess að fylgja málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í c-lið sömu greinar, sem kveður á um að slík aðstoð skuli háð leyfi fengnu fyrirfram frá þar til bæri stofnun.

Allt of þröng túlkun á a-lið 1. mgr. 22. gr. myndi á hinn bóginn standa verulega í vegi fyrir því að einstaklingar, sem þurfa á stöðugri og reglulegri lækningu aðildarríkis að halda af heilsufarsástandum, geti notið frelsis til flutninga þar sem líklegt má telja að þeir þarfnist meðferðar án tafar þegar þeir dveljast á yfirráðasvæði annars aðildarríkis.

Því er nauðsynlegt að kveða nánar á um túlkun a-liðar 1. mgr. 22. gr. til að það komi skýrt fram að ákvæði hans nái einnig til einstaklinga sem gangast undir skilunar- eða súrefnismeðferð, og sem ferðast yfir á yfirráðasvæði ann-

ars aðildarríkis til tímabundinnar dvalar og þarfnast bóta án tafar af heilsufarsástandum vegna meðferðar sem ekki má rofna, burtséð frá því að viðkomandi ber í raun að gera ráðstafanir fyrirfram til að eiga rétt á slíkri meðferð á meðan á dvöl stendur, og að því tilskildu að dvölin sé til komin af öðrum ástæðum en læknisfræðilegum.

Við ákvarðanatöku skulu ákvæði 3. mgr. 80. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 lögð til grundvallar.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. Litið skal á skilunar- eða súrefnismeðferð, sem er veitt í öðru aðildarríki en lögbæra aðildarríkinu einstaklingi sem fellur undir ákvæði a-liðar 1. mgr. 22. gr. í reglugerð (EBE) nr. 1408/71 eða aðstandanda hans eða hennar, sem aðstoð (bætur) án tafar í skilningi framangreinds ákvæðis, enda sé hún liður í reglulegri og órofinni skilunar- eða súrefnismeðferð, og að því tilskildu að dvölin sé til komin af öðrum ástæðum en læknisfræðilegum.
2. Ákvæði 1. mgr. skulu gilda með fyrirvara um að hlutaðeigandi einstaklingur geri í raun ráðstafanir fyrirfram með það í huga að tryggja að umrædd meðferð verði örugglega veitt á meðan á tímabundinni dvöl stendur í aðildarríkinu.
3. Ákvörðun þessi, sem kemur í stað ákvörðunar nr. 123 frá 24. febrúar 1984, verður birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*. Hún öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir birtinguna.

G. MICCIO,

formaður framkvæmdaráðsins.